


2021



# Stefnumörkun um safnastarf





Safnaráð  
The Museum Council  
of Iceland

Stefnumörkun um safnastarf 2021  
Útgefandi: Safnaráð

---

# EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Stefnumörkun um safnastarf	4
Leiðarljós	5
Meginmarkmið stefnumörkunar um safnastarf	6
Meginmarkmið - Söfn í samfélaginu	7
Meginmarkmið - Söfn og faglegur grunnur	8
Meginmarkmið - Söfn og mannauður	10
Meginmarkmið - Söfn og samstarf	11
Meginmarkmið - Söfn og menntun	12
Meginmarkmið - Söfn og rannsóknir	13
Meginmarkmið - Söfn, nýsköpun og sjálfbærni	14
Viðauki - Hlutverk og tengsl	15
Stoðir stefnunnar	16

---

# INNGANGUR

*„Söfn eru ábyrg fyrir áþreifanlegum og óáþreifanlegum arfi, hvort sem um er að ræða náttúruarfleifð eða menningararfleifð. Stjórnunaraðilum og þeim sem vinna að stefnumótun og hafa eftirlit með söfnum ber öðru fremur skylda til að varðveita og kynna þessa arfleifð, sem og þá vinnu, aðstöðu og fjármuni sem lagðir hafa verið fram til starfsins.“<sup>1</sup>*

Ábyrgð safna er mikil og hlutverkið stórt. Tilvitnunin hér fyrir ofan úr siðareglum ICOM, alþjóðasamtökum safna, ber þess glöggvitni og varpar einnig ljósi á ábyrgð eigenda og eftirlitsaðila safna. Stefnumörkun er öflugt tæki til að skilgreina verkefni og áherslur í opinberri stjórnsýslu og nýtist vel til að ná utan um þessa miklu ábyrgð safna, eigenda og eftirlitsaðila.

Samkvæmt safnalögum nr. 141/2011 er stefnumörkun um safnastarf eitt af meginhlutverkum safnaráðs. Hana skal vinna í samstarfi við höfuðsöfnin þrjú; Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Stefnumörkunin er send mennta- og menningarmálaráðherra til samþykktar enda er hún hluti af heildarstefnu ríkisins í menningarmálum.<sup>2</sup> Stefnumörkun sem hér birtist er af-rakstur starfs stýrihóps á árunum 2019-2020 undir verkefnastjórn Sjá ráðgjafar. Stefnumörkunin var unnin í ítarlegu samráði við hagaðila, bæði með fundarhöldum og spurningakönnun. Það er von safnaráðs að náðst hafi að skilgreina vel mikilvægustu þætti safnastarfs og hver áherslan skuli vera á næstu árum.

Mikilvægur þáttur stefnumörkunar er að skilgreina aðgerðir til að ná markmiðum stefnunnar. Aðgerðaáætlun fylgir ekki þessari útgáfu stefnumörkunarinnar en undirbúningur að henni hefst árið 2021 í samræmi við markmið stefnumörkunarinnar og menningarstefnu stjórnvalda til 2030 sem kemur út 2021.

Stefna um safnastarf mun nýtast safnageiranum í heild, ráðuneytum, stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga, safnaráði, höfuðsöfnum og öllum söfnum, bæði viðurkenndum sem og annarri safnastarfsemi en síðast en ekki síst eigendum safna.

Samfélagslegt hlutverk safna er í brennidepli um þessar mundir, skilgreining á söfnum er til endurskoðunar hjá ICOM, alþjóðasamtökum safna. Söfn eru fyrir alla og allir hópar samfélagsins eiga að upplifa sig velkomna á söfnum, bæði sem virkir þátttakendur og gestir. Í umræðu um endurnýjun á skilgreiningu á safni er mikið horft til samfélagsþátttöku safna og möguleika þeirra til að vera málsmetandi og hafa áhrif í hverju samfélagi fyrir sig. Skýr stefna hjá söfnum og stjórnvöldum er ein af forsendum þess að varpa ljósi á bæði hlutverk safna og markmið í rekstri þeirra, auk þess að gera viðtæk áhrif safna í samfélaginu sýnileg.

Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs

<sup>1</sup> 1. kafli siðareglna ICOM, alþjóðasamtaka safna (International Council of Museums) - Úr íslenskri þýðingu siðareglna, útgefið af Íslandsdeild ICOM 2015

<sup>2</sup> Úr greinargerð með frumvarpi til safnalaga 141/2011 - <https://www.althingi.is/altext/139/s/1152.html>

# STEFNUMÖRKUN UM SAFNASTARF

Á haustmánuðum 2019 hófst vinna við stefnumörkun um safnastarf. Verkefnið var unnið í samvinnu við fyrirtækið Sjá ehf.

Samkvæmt b-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011 skal safnaráð, í samvinnu við höfuðsöfn „vinna að stefnumörkun um safnastarf í samvinnu við höfuðsöfn sem send er ráðherra til samþykktar“. Stefnumörkun um safnastarf er ætlað að stuðla að sameiginlegri sýn og styðja við starfsemi safna á Íslandi. Safnaráð, í samvinnu við höfuðsöfn, ber ábyrgð á því að unnið sé að þessari sameiginlegu stefnu og fær hagsmunaaðila að borðinu.

Myndaður var stýrihópur í upphafi verkefnisins. Hópurinn bjó til ramma utan um viðfangsefnið, skilgreindi markmið stefnunnar, setti saman verkáætlun og leiddi vinnuna. Stýrihópurinn skipuðu Harpa Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands, Helga Lára Þorsteinsdóttir, fulltrúi í safnaráði, Hilmar Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands, Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður og Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs.

Stýrihópurinn hittist reglulega á vinnufundum en grunnur stefnunnar felst í ítarlegu samráði við helstu hagsmunaaðila. Haldnir voru tólf rýnifundir með fulltrúum ýmissa hagaðila en yfir 50 manns tóku þátt í þeim fundum. Leitað var til aðila sem tengjast náið safnastarfi í landinu. Þátttakendur í rýnifundum voru fulltrúar í safnaráði, safnstjórar allra viðurkenndu safnanna, eftirlitsnefnd safnaráðs, fulltrúar frá Rekstrarfélagi Sarps, Félagi íslenskra safna og safnmanna - FÍSOS og International Council of Museums - ICOM, fulltrúar fræðasamfélagsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fundir fóru fram í Safnahúsinu, hjá Sjá og í Háskólanum á Akureyri.

Einnig fór fram viðamikil netkönnun meðal ýmissa hagsmunahópa þar sem leitast var við að fá fram þeirra sjónarmið. Netkönnunin var send á ýmis félög sem tengjast safnastarfi (s.s. ICOM og FÍSOS) og fulltrúar félaganna beðnir um að áframsenda hana á sína félagsmenn. Netkönnunin var einnig send á fulltrúa í safnaráði, á eftirlitsnefnd safnaráðs, Rekstrarfélag Sarps, aðila í fræðasamfélaginu, starfsmenn viðurkenndra safna og höfuðsafna og á aðila sem starfa við menningarstjórnsýslu (s.s. hjá ráðuneyti, sveitarfélögum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga). Þá var könnunin send til fræðslufulltrúa sveitarfélaga, skólustjórnenda, fulltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga, til Samtaka ferðaþjónustunnar og Félags leiðsögumanna.

Allir sem að þessu starfi komu eiga þakkir skildar fyrir sitt framlag. Við stefnumótunina var einnig horft til innri vinnu og gagna, lagasetninga sem og sambærilegra stefna hjá öðrum innlendum og erlendum menningarstofnunum. Í kjölfar þessarar ítarlegu gagnaöflunar fór fram úrvinnsla og greining á því sem fram kom og er stefnumörkun um safnastarf afrakstur þeirrar vinnu.



---

# LEIÐARLJÓS

Það er sameiginleg ábyrgð samfélagsins að vernda menningar- og náttúruarf landsins, stuðla að faglegri umgengni og tryggja jafnt aðgengi að arfinum.

Söfn taka virkan þátt í samfélagslegri umræðu, þau taka af skarið og skapa samtal um samfélagslega mikilvæg mál. Sterk tengsl safna, safnkosts og samfélags fela í sér drifkraft og verðmætasköpun.

Söfn hafa mikilvæga stöðu þegar kemur að fræðslu, skilningi og vitund um menningar- og náttúruarfinn. Þar gegnir mannauður safna lykilhlutverki.


Söfn eiga í öflugum samstarfi sín á milli og eins við fjölbreytta aðila, bæði innanlands og utan.

Söfn varðveita frumheimildir um menningu, sögu og náttúru landsins og veita aðgang að þeim til framdráttar í rannsóknum, fyrir þekkingaröflun og til ánægju.

Söfn eru samfélagslega ábyrg, þau huga að sjálfbærni á öllum sviðum safnastarfs og eru vettvangur nýsköpunar.

Söfn starfa eftir siðareglum ICOM.

# MEGINMARKMIÐ STEFNUMÖRKUNAR UM SAFNASTARF



# MEGINMARKMIÐ – SÖFN Í SAMFÉLAGINU

## Markmið: Að þróa samfélagslegt hlutverk safna

Söfn hafa sanngildi að leiðarljósi<sup>3</sup>. Samfélagsleg ábyrgð safna felst í höfuðhlutverki þeirra um langtíma-varðveislu menningar- og náttúruarfs landsins og miðlun hans til almennings. Í þessu felst gagnkvæmt traust þar sem söfnum er treyst fyrir faglegu safnastarfi um varðveislu, rannsóknum og miðlun arfsins.

Söfn þjóna samfélaginu með fjölbreyttari hætti en áður. Fólk heimsækir söfn til að skoða, njóta, upplifa og eiga samverustundir og söfn þjóna öllum gestum, hvort sem þeir eru í fræðslu- eða skemmtiheimsókn. Söfn eru þátttakendur í samfélaginu, þau endurspeglja það í starfi sínu og taka þátt í umræðum. Söfn leggja sig fram um að ná til ólíkra hópa, sér í lagi þeirra sem ekki hafa sterka rödd í samfélaginu. Söfn hafa áhrif, þau breytast í takt við samfélagið, þau taka tillit til fjölbreytni í fjölmeningarsamfélagi og mæta kröfum um að saga allra verði skráð og raddir allra heyrist. Eitt safn nær ekki að sinna öllum þessum kröfum en söfnin sem heild geta það.

Greiður aðgangur að menningar- og náttúruarfinum og virk þátttaka samfélagsins í safnastarfi styrkir samfélagið allt, ekki síst nærsamfélagið, og felur í sér verðmætasköpun.

Í samræmi við stefnu og áherslur stjórnvalda skulu söfn horfa til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og leitast við að innleiða þau í sínu starfi. Söfn fjalla um og vekja athygli á málefnum sem þeim tengjast.

Söfn fylgja siðareglum ICOM í hvívetna.

## Leiðir að markmiði:

### 1. Aðgengi að söfnum og safnkosti

Mikilvægt er að huga að jöfnu aðgengi allra að arfinum, söfn eru fyrir alla og án aðgreiningar. Söfn hafa þarfir gesta að leiðarljósi og leita sífellt nýrra leiða til að vekja áhuga og stuðla að þátttöku ólíkra hópa. Stafrænar leiðir í miðlun og fræðslu auka aðgengi og fela í sér áður ónýtt tækifæri.

### 2. Samtal við samfélagið

Söfn eru samfélagsstofnanir og styrkja samfélagið í heild. Söfn eiga í samtali við sitt nær-samfélag og ólíka hópa þess og reyna stöðugt að efla þau tengsl.

Söfn eru vettvangur samfélagslegrar umræðu, fjalla um það sem er í deiglu hverju sinni og sýna frumkvæði í að taka á málum og skapa umræðu. Söfn taka mið af fjölmeningar-samfélaginu í sínu starfi, stuðla að virkri þátttöku fjölbreyttra hópa á fjölbreyttum tungumálum.

Leita skal leiða til að hvetja fyrirtæki og atvinnulíf til að styðja starf safna. Með því sýna þau stuðning við menningarstarfsemi í landinu.

### 3. Samfélagsleg ábyrgð

Söfn hafa samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Í því samhengi leitast söfn við að vekja athygli á og fjalla um málefni sem tengjast Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, s.s. sjálfbærni, umhverfismál, loftslagsmál, mannréttindi og jafnrétti o.fl.

<sup>3</sup> Söfn standa vörð um sanngildi (e. authenticity) með varðveislu raunverulegs menningararfs.



---

# MEGINMARKMIÐ – SÖFN OG FAGLEGUR GRUNNUR

## Markmið: Að bæta og tryggja faglegt umhverfi safna

Safnaráð er mikilvægur hlekkur í menningarstjórnsýslu landsins, hlutverk þess er að styrkja safnastarf í landinu í góðu samstarfi við aðra hagaðila. Safnaráð veitir faglega leiðsögn um safnastarf á Íslandi, er leiðandi og leiðbeinandi, markar faglega sýn um safnastarf og leggur grunn að skýru verklagi.

Safnastarf og kröfur til viðurkenndra safna byggja á sameiginlegum faglegum grunni um söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknir, sýningar og aðra miðlun og fylgja siðareglum Alþjóðaráðs safna - ICOM. Þrátt fyrir sérstöðu einstakra safna, fjölbreytt viðfangsefni og ólík verkefni, byggja söfn á þessum sameiginlega grunni.

Safnaráð veitir faglegt aðhald og eftirlit með starfi og rekstri viðurkenndra safna. Eigendur safna tryggja fjármagn til reksturs og stuðning til faglegs starfs á öllum sviðum þeirra. Safnasjóður styrkir einstök verkefni viðurkenndra safna og samstarfsverkefni þeirra.

## Leiðir að markmiði:

### 1. Styrk menningarstjórnsýsla

Styrkja þarf og samræma menningarstjórnsýslu í landinu. Öflugt samstarf mennta- og menningarmálaráðuneytis, sveitarfélaga, safnaráðs og annarra hagaðila um allt land skiptir sköpum í því samhengi.

Efla skal starfsemi safnaráðs og skerpa ráðgjafarhlutverk þess. Þá er mikilvægt að styrkja eftirlit safnaráðs og efla leiðsögn og stuðning í eftirfylgni eftirlits.

### 2. Öflugur safnasjóður

Frekari efling safnasjóðs er langtímaverkefni. Safnasjóður tekur mið af opinberri stefnumörkun við úthlutun. Aukin áhersla er lögð á að styrkja verkefni til langs tíma og þáttur samstarfsstyrkja á breiðum grunni verður efldur frekar.

### 3. Eigendastefna safna

Höfuðatriði er að skerpa ábyrgð eigenda safna. Þeir skulu setja sér eigendastefnu sem leitast við að skýra hlutverk og ábyrgð þeirra. Eigendastefnan þarf að endurspeglar hvernig styðja má við starfsemi safnsins og tryggja rekstrargrundvöll þess með sem bestum hætti.

### 4. Gæði í safnastarfi, stefnumörkun og langtímaáætlanir

Söfn eru rekin á faglegan og ábyrgan hátt. Faglegt starf er undirstaða starfsemi safna og markmiðið er að auka sífellt gæði starfsins. Setja þarf staðla um skráningar og bæta aðgengi að upplýsingum um meðhöndlun og varðveislu safnkosts.

Söfn fylgja höfundarrétti í hvívetna og leita leiða að semja um birtingarrétt á sínum safnkosti.

Söfn setja sér skýra stefnu sem þau starfa eftir. Stefna, söfnunarstefna og grisjunarstefna eru hluti af langtímaáætlunum þess. Faglegar stjórnir og/eða ráð safna styðja við starfið.

---

## 5. **Langtímavarðveisla**

Langtímavarðveisla safnkosts byggir á því að varðveisluhúsnæði safna uppfylli lágmarkskröfur. Efla skal öryggismál safna heilt yfir svo að varðveisla gripa, hug- og myndverka og stafrænna gagna sé tryggð til frambúðar. Söfn vinna að öryggisáætlunum og æfa þær reglulega.

Hluti safnkosts margra safna telst í hættu vegna loftslag- og náttúruvár. Leggja skal áherslu á að skrá og rannsaka þann hluta sem og forgangsraða því sem reynt skal að verja.

Söfn skulu setja fram heildstæða áætlun um uppbyggingu varðveisluhúsnæðis og búnaðar.

## 6. **Stuðningur með eftirliti**

Öflugt eftirlit safnaráðs styður við gæði í safnastarfi. Fagaðilar koma að eftirliti safnaráðs, því er ætlað að styðja við starfsemi safna og nýtast þeim í samskiptum við eigendur og ábyrgðaraðila.

---

# MEGINMARKMIÐ – SÖFN OG MANNAUÐUR

## Markmið: Að efla mannauð og fagkunnáttu

Styrkur safna felst ekki síst í þeim mannauði og þekkingu sem þar er að finna. Fagleg umgengni við menningar- og náttúruarfinn er undirstaða safnastarfs. Allir þættir starfseminnar; söfnun, skráning, varðveisla, rannsóknir, miðlun og samskipti/samstarf við samfélagið og safnagesti, byggja á þessu stoðum.

Efla skal fagkunnáttu og þekkingu hjá söfnunum með símenntun starfsfólks og tryggja að umhverfi safna bjóði upp á þróun í starfi. Stuðla þarf að því að þekking og fagkunnátta safnanna séu varðveittar, byggðar upp og þeim miðlað með markvissum hætti.

Kröfur um menntun safnafólks tryggja enn frekar gæði í safnastarfi.

## Leiðir að markmiði:

### 1. Menntun safnafólks

Hæfni er grunnur að gæðum og viðeigandi menntun er undirstaða faglegs safnastarfs. Gera þarf lágmarkskröfur um menntun safnafólks, sér í lagi safnstjóra og annarra lykilstarfsmanna. Öll viðurkennd söfn skulu uppfylla þær kröfur.

Taka þarf faglega á móti nýliðum og bjóða upp á námskeið eða kynningu fyrir nýtt starfsfólk safna þar sem farið er yfir helstu þætti safnastarfsins.

### 2. Öflug símenntunarstefna

Hlúa þarf að þeim verðmætum sem felast í þekkingu og fagkunnáttu starfsfólks safna. Skapa skal umhverfi sem veitir starfsfólki nauðsynlegan stuðning til að þróast í sínu starfi, t.a.m. með gerð starfsþróunaráætlana um símenntun starfsfólks. Gott starfsumhverfi minnkar hættu á spekileka og viðheldur þannig þekkingu innan safna.

### 3. Varðveisla þekkingar og öflugt upplýsingaflæði

Formlegur samstarfsvettvangur og stuðningsnet safnafólks er liður í því að varðveita og miðla þekkingu. Jafningjafraeðsla og þekkingargátt safna er góð leið til þess að byggja upp brunn leiðbeininga/staðla um ákveðna þætti í safnastarfi.

---

# MEGINMARKMIÐ – SÖFN OG SAMSTARF

## Markmið: Að hvetja til samstarfs og samnýtingar

Samstarf safna og skýr verkaskipting safnaráðs, höfuðsafna og annarra menningarstofnana á sviði langtíamavarðveislu styrkir undirstöður faglegrs safnastarfs.

Búa þarf til sterkari stofnanir með samstarfi, samnýtingu og jafnvel sameiningu. Til að tryggja megi heildstæða söfnun og miðlun á menningar- og náttúruarfi þjóðarinnar þarf að skerpa sérstöðu og verkaskiptingu safna.

Tækifæri felast í að samnýta auðlindir safna, deila fagkunnáttu og þekkingu. Að sama skapi er það hagur allra að efla samstarf við aðrar mennta- og menningarstofnanir.

Þá er mikilvægt að efla alþjóðlegt samstarf og tengsl og jafnframt taka virkan þátt í faglegri umræðu á heimsvísu.

## Leiðir að markmiði:

### 1. Öflugt samstarf safna

Stuðla skal að auknu samstarfi með því að koma á formlegum samstarfsvettvangi sem auðveldar söfnum að samnýta auðlindir, fagkunnáttu og þekkingu. Einnig má sjá fyrir sér hagræðingu með samnýtingu bæði húsnæðis (ekki síst varðveisluhúsnæðis) og búnaðar.

Aukið samstarf skapar tækifæri til frekari sérhæfingar einstakra safna og nauðsynlegrar verkaskiptingar. Ábyrgðarsöfn eru dæmi um þess konar sérhæfingu eða verkaskiptingu

### 2. Þekkingargátt í safnastarfi

Aukið flæði upplýsinga og miðlun á þekkingu og reynslu ólíkra safna skapar fjölmörg tækifæri. Þekkingargátt gerir slíkar upplýsingar aðgengilegar á einfaldan hátt. Þekkingargátt er miðlæg upplýsingagátt safnafólks sem hefur að geyma gagnlegar upplýsingar sem tengjast safnastarfi, leiðbeiningar, verklag o.fl. Safnaráð hefur frumkvæði að því að hefja undirbúning á uppsetningu Þekkingargáttar í samráði við höfuðsöfnin, fagfélög og aðra hagaðila.

### 3. Samstarf í menningarstjórnsýslu

Efla skal samráð og samtal helstu stofnana í menningarstjórnsýslu sem koma að varðveislu menningar- og náttúruarfsins, þar með talin ráðuneyti. Samstaða um hugtök og orðfæri styður við öflugt safnastarf.

### 4. Alþjóðlegt samstarf

Söfn leitast við að rækta alþjóðleg tengsl sem og að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi og faglegri umræðu eins og kostur er. Sér í lagi er mikilvægt að tengjast alþjóðlegum fagfélögum á borð við ICOM.

---

# MEGINMARKMIÐ – SÖFN OG MENNTUN

## Markmið: Að efla fræðslu- og menntunarhlutverk safna

Söfn gegna mikilvægu fræðslu- og menntunarhlutverki, þau veita aðgang að menningar- og náttúruarfi og stuðla að aukinni þekkingu og skilningi með miðlun og fræðslu. Leggja þarf áherslu á að auka vægi arfsins í menntun. Söfn gegna lykilhlutverki í að styrkja náttúru- og menningarlæsi sem og menningarvitund samfélagsins en menntun og fræðsla er eitt af meginhlutverkum safna.

Betri vitneskja og vitund um menningar- og náttúruarfinn sem og tenging fortíðar við nútíð auka vitund um lýðræði, réttlæti, sögulegt samhengi og samhengi lífs á jörðu.

Lögð er áhersla á ný tækifæri sem felast í nýrri tækni og stafrænum lausnum. Þannig ná söfn til breiðari hóps, aðgengi að þeim er betra og miðlun nær út fyrir safnið.

## Leiðir að markmiði:

### 1. Áhersla á faglega safnfræðslu

Söfn leggja áherslu á faglega safnfræðslu og tryggja gæði hennar. Söfnin veita óformlega menntun sem felst í upplifuninni af heimsókn á safn, með því að skoða sýningu eða sækja viðburði.

### 2. Öflugt samstarf við menntakerfið

Söfn hafa hlutverki að gegna í menntakerfinu. Með öflugum samstarfi safna og allra stiga menntakerfisins; leikskóla, grunnskóla, frístundastarfs, framhaldsskóla og háskóla, má taka höndum saman um aukin áhrif, vitund og bætt læsi á menningar- og náttúruarfinum.

Það felast tækifæri í því að skerpa hlutverk safna í námskrá og tengja safnfræðslu beint við hæfniviðmið hennar. Huga þarf að jöfnu aðgengi allra að arfi þjóðarinnar óháð búsetu, tungumáli eða stöðu.

### 3. Öflug tenging við háskóla- og fræðasamfélagið

Brú milli safnastarfs og háskóla- og fræðasamfélagsins er hagur allra því með slíkum tengslum má efla rannsóknir tengdar arfinum. Leggja skal áherslu á að virkja nema í fjölbreyttum greinum í skapandi verkefni tengdum safnastarfi.

### 4. Stafrænar leiðir í fræðslu og miðlun

Ný tækni og stafrænar lausnir bjóða upp á ýmis tækifæri, s.s. að fanga áhuga breiðari hóps og bæta þannig aðgengi ólíkra hópa að arfinum. Stafrænar leiðir færa fræðslu og miðlun út fyrir söfnin.

# MEGINMARKMIÐ – SÖFN OG RANNSÓKNIR

## Markmið: Að efla rannsóknir á öllum sviðum safna

Rannsóknir eru hluti af grunnstarfi safna. Sérstök áhersla er lögð á rannsóknir á öllum sviðum safnastarfs. Söfn sinna rannsóknum af ýmsum toga en mikil rannsóknarvinna felst í daglegu safnastarfi þar sem þekkingu er safnað og miðlað. Öll miðlun í safnastarfi byggir á rannsóknum og afraksturinn er í ýmsu formi.

Gott og hagkvæmt samstarf við háskólana og fræðasamfélagið um rannsóknir, starfsnám og verkefni skiptir miklu máli og varðar hag beggja.

Rannsóknir í safnastarfi eru virðisaukandi og skila nýrri þekkingu um hagræn áhrif safna og spám um þróun safnastarfs.

## Leiðir að markmiði:

### 1. Skýr rannsóknamarkmið

Rannsóknir eru undirstaða miðlunar. Þær byggja að jafnaði á safnkostinum en geta einnig snúið að öðrum þáttum safnastarfsins, svo sem samfélagslegum þáttum. Rannsóknastefna og skýr rannsóknamarkmið skulu vera hluti af stefnumörkun safna. Auk eigin rannsókna veita söfnin aðgang að gögnum og safnkosti og stuðla þannig að fjölbreyttu rannsóknastarfi. Gott aðgengi að rannsóknaniðurstöðum skapar grunn fyrir frekari rannsóknir.

### 2. Fjölbreyttar tegundir rannsókna

Söfn sinna ólíkum tegundum rannsókna og beita mismunandi aðferðum við þekkingarsköpun. Upplýsingar um safnkost eru skrásettar og varðveittar með aðferðum sem byggja á þekkingu starfsfólks. Þá er mikilvægt að leita út fyrir safnið, til samfélagsins, við þekkingarsköpun. Öll þekkingarsköpun er grunnur fyrir fræðilegt rannsóknastarf framtíðarinnar.

### 3. Stuðningur við fræðilegar rannsóknir

Styðja þarf við rannsóknastarf í söfnum og tryggja að aukið fjármagn rati í rannsóknir. Öflugt samstarf safna við háskóla og fræðimenn eflir rannsóknir tengdar arfinum og felur í sér gagnkvæman ávinning; lögð er höfuðáhersla á að hlúa vel að þeim tengingum. Hér skiptir aðgengi að upplýsingum og fagfólki miklu máli. Að sama skapi má styrkja tengsl safna og háskóla með starfsnámi í söfnunum.

### 4. Aðgangur að frumgögnum

Safnkostur er af ýmsum toga, áþreifanlegur og óáþreifanlegur. Söfn varðveita frumgögn um sögu manns og náttúru í sínum safnkosti og mikilvægt er að veita aðgang að þeim á hverjum tíma til framdráttar þekkingar og skilnings á menningu, sögu og náttúru.

### 5. Þróun tölfraeði og hagvísu um safnastarf

Stjórnvöld vinna nú að því að búa til hagvísu fyrir menningu, listir og skapandi greinar. Áreiðanlegar tölulegar upplýsingar um safnastarf eru grunnurinn að því að skilja hagræn áhrif safna og spá fyrir um þróun í safnastarfi.

---

# MEGINMARKMIÐ – SÖFN, NÝSKÖPUN OG SJÁLFBÆRNI

## Markmið: Að hvetja til nýsköpunar og sjálfbærni í safnastarfi

Söfn eru lifandi vettvangur þar sem sífelld þróun á sér stað. Safnaráð veitir söfnum leiðsögn og safnasjóður veitir þróunarverkefnum brautargengi.

Umhverfi safna felur í sér hvatningu til nýsköpunar og skapar vettvang fyrir nýsköpunarverkefni. Með breytingum sem miða að sjálfbærni í safnastarfi, skapast rík tækifæri til nýsköpunar.

Mikilvægt er að horfa til tækni og gera söfnum kleift að taka virkan þátt í þeirri öru þróun sem á sér stað á því sviði.

Söfn vinna að sjálfbærni með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi.

## Leiðir að markmiði:

### 1. Stafræn miðlun

Leggja þarf áherslu á framboð náttúru- og menningarsögulegs efnis á stafrænu formi. Með stafrænni miðlun er hægt að ná til fólks sem ekki hefur tök á að koma á staðinn og veita upplýsingar um sýningar og fræðslu hvenær sem hentar, óháð opnunartíma. Það eru einnig sóknarfæri í stafrænni safnfræðslu, bæði innan og utan safnanna, til að mæta þörfum fjölbreyttra hópa. Nauðsynlegt er að söfnin leiti leiða til að leysa vanda vegna birtingarleyfa safnkosts (t.d. með samningum). Samfélagsmiðlar og önnur stafræn tækni leika einnig mikilvægt hlutverk en með markvissri notkun þeirra næst til stórs hóps með einföldum og skilvirkum hætti.

Nýting tækni við miðlun safnkosts býður upp á gríðarleg tækifæri. Til þess að ná sem bestum árangri er mikilvægt að vinna að því að samræma skráningu safna um allt land í öflugum gagnagrunni, s.s. Sarpi, en það auðveldar miðlun efnis og nýtist beint til miðlunar.

### 2. Höfuðsöfn leiða og styðja við nýsköpun í safnastarfi

Skapa þarf umhverfi sem hlúir að nýsköpun en höfuðsöfnin eru í lykilaðstöðu til að leiða og styðja slíkt starf. Þekkingargátt safna gæti nýst til að miðla þeirri þekkingu sem verður til í þróunar- og tilraunaverkefnum.

### 3. Sjálfbærni í safnastarfi

Sjálfbærni í safnastarfi hefur víðtæka skírskotun þegar horft er til framtíðar, sbr. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Söfn vinna að því að vera sjálfbær, bæði í sínu innra starfi en einnig í sinni miðlun og með umfjöllun um sjálfbærni og tengd málefni. Nýsköpun og sjálfbærni í safnastarfi haldast í hendur en söfn eru í lykilstöðu til að efla meðvitund um og hafa áhrif á betri og sjálfbærari framtíð fyrir alla.

---

# VIÐAUKI

## Hlutverk og tengsl

Safnaráð er ráðgefandi um allt sem viðkemur málefnum safna.

Höfuðsöfn skulu hafa forystu í málefnum safna á sínu sviði, stuðla að eflingu og samræmi í safnastarfi og leiða faglegt samstarf safna og annarra aðila.

Viðurkennt safn. Viðurkenning safns er veitt af mennta- og menningarmálaráðherra að fenginni tillögu safnaráðs. Öll söfn, nema höfuðsöfn, þurfa að sækja um viðurkenningu vilji þau falla undir ákvæði safnalaga. Umsókn um viðurkenningu safns skal beint til safnaráðs. Viðurkennt safn getur sótt um styrk úr safnasjóði.

## Hlutverk safnaráðs

Safnaráð starfar samkvæmt safnalögum nr. 141/2011 og eru verkefni ráðsins skilgreind í lögnum. Hlutverk safnaráðs er að efla starfsemi safna með faglegu aðhaldi og virku eftirliti til að tryggja megi varðveislu menningar- og náttúruarfs landsins svo honum verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Safnaráð ber jafnframt ábyrgð á því að vinna stefnumörkun um safnastarf í samvinnu við höfuðsöfn sem send er mennta- og menningarmálaráðherra til samþykktar.

Safnaráð hefur mótað verklag sem endurspeglar stefnu þess og höfuðsöfnin munu hvert um sig setja fram safnastefnu á sínu sérsviði sem er leiðbeinandi fyrir viðurkennd söfn á því sviði.

Hlutverk safnaráðs er að móta viðmið fyrir starfsemi viðurkenndra safna auk þess að veita leiðbeiningar og fjárhagslegan stuðning til að söfnin megi ná markmiðum laganna. Í starfi sínu hefur safnaráð fagmennsku og gagnsæi að leiðarljósi.

Hlutverk safna er að veita fólki aðgang að menningar- og náttúruarfi landsins og stuðla að aukinni þekkingu á honum og tengslum hans við umheiminn. Safnaráð skal í samráði við höfuðsöfnin þrjú; Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands, vera leiðandi í málaflokknum á landsvísu.

## Viðurkennd söfn og eftirlit

Með viðurkenningu safna er staða þeirra, skyldur og hlutverk staðfest með lögformlegum hætti.

Þannig er starfsemi safna eflid og varðveisla menningar- og náttúruarfs Íslands tryggð.

Safnaráð veitir viðurkenndum söfnum faglegt aðhald og tryggir þannig að viðurkennd söfn búi safnkosti sínum bestu möguleg varðveisluskilyrði og geri hann aðgengilegan í gegnum skráningu, rannsóknir og miðlun. Forgangsröðun verkefna á sviði safnamála byggir á faglegu mati á stöðu viðurkenndra safna.

## Safnasjóður

Safnasjóður veitir fé til skilgreindra verkefna og einnig til reksturs viðurkenndra safna og hefur eftirlit með að fénu sé varið á þann hátt sem tilgreint er í umsókn. Safnasjóður skal tryggja bestu nýtingu á almannafé en útdeling fjármagns skal byggja á áherslum safnastefnu. Útdeling úr safnasjóði er fagleg og reglur sjóðsins réttlátar og gagnsæjar. Að jafnaði er veitt úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári, með einstaka undantekningum. Mennta- og menningarmálaráðherra úthlutar úr safnasjóði, að undangenginni tillögu safnaráðs.



## Stoðir stefnunnar

### Tengsl stefnumörkunar um safnastarf við aðrar stefnur

Stefnumörkun um safnastarf tekur mið af og styður við aðrar skyldar stefnur og opinbera stefnumörkun. Hún er einn liður í heildarsýn um það hvernig samfélagið getur þróast og batnað.

### Menningarstefna

Markmið menningarstefnu frá árinu 2013 (unnið er að nýrri stefnu) er að stuðla að eflingu menningarlífs í landinu. Skilningur á menningarsögu þjóðarinnar er ein af forsendum fyrir virkri þátttöku í samfélaginu og er mikilvægur hluti af sjálfsmynd hvers og eins. Fjölbreytt menningarlíf er þáttur í almennri velsæld samfélagsins og stuðlar að jöfnuði.

### Meginþættir menningarstefnu

- Sköpun og þátttaka í menningarlífinu
- Gott aðgengi að listum og menningararfi
- Samvinna stjórnvalda við aðila sem starfa á sviði menningar
- Þátttaka barna og ungmenna í menningarlífinu

### Stefnur höfuðsafna

Höfuðsöfn skulu vinna samræmda safnastefnu hvert á sínu sviði skv. safnalögum nr. 141/2011.

Í slíkri stefnumörkun felst langtímahugsun þar sem markmið og áherslur eru sett fram. Þjóðminjasafn Íslands hefur í þriggja unnið slíka stefnu en hin höfuðsöfnin, Listasafn Íslands og Náttúruminjasafn Íslands, vinna nú að sínum stefnum.

### Samræmdar safnastefnur Þjóðminjasafn Íslands

Safnastefna á sviði menningarminja  
(útgefin 2017)

### Listasafn Íslands

Safnastefna á sviði myndlistar  
(útgefin 2020)

### Náttúruminjasafn Íslands

Safnastefna á sviði náttúrufræða  
(verður útgefin 2021)



---

## Stefna um langtíma varðveislu menningararfs

Minjastofnun hefur það hlutverk að gera tillögu til ráðherra um heildarstefnu og langtímaáætlun um verndun og varðveislu menningarminja samkvæmt 7. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Stofnanir sem sinna varðveislu menningararfsins koma að ritun þeirrar stefnu og var hún gefin út í desember 2020, Menningararfurinn Stefna um varðveislu og menningararf.

## Menntastefna

Markmið menntastefnu frá árinu 2012 (unnið er að nýrri menntastefnu sem gildir til 2030) er að undirbúa nemendur til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Menntun til sjálfbærni er einn lykilþátta í námskrám.

## Grunnþættir menntastefnu og helstu áherslur

Læsi – Sjálfbærni – Lýðræði – Jafnrétti – Heilbrigði og velferð – Sköpun

- Aukin áhersla á gagnrýna hugsun og lýðræði í öllu skólasterfi
- Sköpun gerð að grundvallaratriði í öllu námi
- Jafnréttismál og siðfræði eru hluti af samfélagsgreinum í grunnskóla
- Aukin móðurmálskenntla til samræmis við aðrar Norðurlandapjóðir

## Nýsköpunarstefna

Nýsköpunarstefna (útgefin 2020) miðar að því að gera Ísland betur í stakk búið til að mæta áskorunum framtíðarinnar og byggja upp traustan grunn fyrir nýsköpun á öllum sviðum.

## Helstu áskoranir til framtíðar

- Fjórdá iðnbyltingin
- Umhverfismál
- Lýðfræðilegar áskoranir

Nýsköpunarlandið Ísland er fjölbreytt samfélag velferðar, öryggis og jafna tækifæra og það er í fremstu röð hvað varðar lífsgæði og hamingju. Nýsköpunarlandið Ísland er samfélag þar sem nýsköpun er inngróin í menningu og efnahagslíf.

## Fjármálaáætlun

Stefnumörkun um safnastarf tekur mið af fjármálaáætlun sem er sá rammi sem stjórnvöld starfa innan og stýrir því fjármagni sem sett er í verkefni.

„Meginmarkmið stjórnvalda á sviði menningar og lista er að jafna og bæta tækifæri til nýsköpunar í menningar- og listastarfsemi. Þá ber að vernda menningarminjar en jafnframt stuðla að góðu aðgengi og miðlun á menningu og listum. Stjórnvöld leggja ríka áherslu á mikilvægi barnamenningar og aukið aðgengi barna og ungmenna að safnastarfi í þeirra þágu.“

„Málaflokkurinn styður við velsældaráherslur ríkisstjórnarinnar, þá helst grósku í nýsköpun og betri samskipti við almenning, með því að fjölga tækifærum fyrir listafólk í öllum greinum til að auka fjölbreytni í atvinnulífi og auðga líf almennings.“<sup>4</sup>

<sup>4</sup> Kaffi 18 - Menning, listir, íbróttá- og æskulýðsmál

## Markmið í safnamálum

- **Bæta aðgengi að og miðlun á menningu og listum**  
Með öflugum og samhæfðu safnastarfi og uppbyggingu nauðsynlegrar aðstöðu er stefnt að því að almenningur hafi sífellt betri aðgang að menningar- og náttúruarfi þjóðarinnar og að honum verði miðlað þannig að fortíð sé tengd við nútíð með upplýsandi hætti.
- **Efla vernd á menningararfi þjóðarinnar í samræmi við alþjóðlegar kröfur**  
Auknar kröfur eru m.a. um öryggi safnmuna og að menningararfarir þjóðarinnar verði verndaðar undir öllum kringumstæðum, t.d. með stefnu í almannavarna- og öryggismálum.
- **Efla rannsóknir og skráningu**  
Mikilvægt er að efla faglegt starf safna um land allt til að stuðla að markvissari varðveislu menningararfsins og þekkingu á honum til gagns fyrir komandi kynslóðir.

## Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Söfn geta stutt við heimsmarkmiðin með margvíslegum hætti, ekki síst í gegnum sýningar og miðlun og með því að koma af stað eða taka þátt í umræðu um þau málefni sem þar er fjallað um.

Stefnumörkun um safnastarf tekur mið af heimsmarkmiðunum og vísar einnig beint til einstakra heimsmarkmiða, s.s. menntunar, nýsköpunar, sjálfbærni og loftslagsmála.

